

## Ferðast með allt á bakinu

### Dagskrá:

Nr.	Dagur og tími	Dagsetning	Verkefni
1.	Sunnudagur kl. 10 - 16	16. apríl	Fræðsla og stutt ganga
2.	Föstudagur kl. 17	19. maí	Fræðsla og stutt ganga
3.	Laugardagur kl. 10	20. maí	Dagsferð
4.	Föstudagur og laugardagur Lagt af stað kl. 17	10. – 11. júní	Ferð – gist í tjaldi
5.	Föstudagur til sunnudags Lagt af stað kl. 17	23. – 25. júní	Ferð – gist í tjaldi

Dagskráin er birt með fyrirvara um breytingar vegna veðurs, bleytu og/eða annarra aðstæðna sem upp geta komið.

### Þessir staðir koma til greina – ferðaval fer eftir aðstæðum hverju sinni:

- Siglunes. Farið frá Siglufirði og endað í Héðinsfirði.
- Hrísey
- Mývatn
- Látraströnd
- Hvalvatnsfjörður
- Aðrir staðir sem verða fyrir valinu með tilliti til veðurs

Gott utanumhald um verkefnið verður af hendi fararstjóra og umsjónaraðila þess m.a. með facebookarsíðu þar sem allar upplýsingar verða settar inn ásamt fræðslu þegar við á. Góðar upplýsingar um hverja ferð verða veittar inni á síðunni hverju sinni.

Umsjón með verkefninu og fararstjórar eru Marjolijn van Dijk og Steinunn Þórisdóttir.

Lágmarksfjöldi er 12 manns.

Verð: 31.000 kr. fyrir félagi í FFA og FÍ. Makar félagsmanna greiða sömu upphæð. Fyrir utanfélagsmenn kostar námskeiðið 36.000 kr. Greiða þarf þegar skráningu lýkur, krafa verður stofnuð í netbanka.

Nánari upplýsingar eru á síðu verkefnisins auk þessa sem Marjolijn veitir þær á netfanginu [hubertus@simnet.is](mailto:hubertus@simnet.is) eða í síma 863-5839.

**Skráning er hafin.**